

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 27. febrúar í máli nr. E-735/2017:

Landsbankinn hf.

(Hannes Júlíus Hafstein hdl)

gegn

Silju Úlfarsdóttur

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem þingfest var 28. júní 2017, var höfðað með stefnu, birtri 21. júní 2017.

Stefnandi er Landsbankinn hf., kt. 000000-0000, Austurstræti 11, Reykjavík. Stefnda er Silja Úlfarsdóttir, kt. 000000-0000, Sóleyjarhlíð 3, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 21.475.960 krónur auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 15. febrúar 2016 til greiðsludags.

Þá er jafnframt gerð sú krafa að staðfest verði kyrrsetningargerð nr. 84/2017 er fram fór hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 8. júní 2017, skv. beiðni stefnanda, þar sem kyrrsettur var 50% eignarhlutur stefndu í fasteigninni Sóleyjarhlíð 3, Hafnarfirði, fnr. 221-8653, til tryggingar kröfum stefnanda, samtals að fjárhæð 25. 737.521 króna.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu auk virðisaukaskatts að meðtöldum kostnaði við kyrrsetningargerð gagnvart stefndu og eftirfarandi kostnaði vegna gerðarinnar, þ.m.t. þinglýsingarkostnaði.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Aðalmeðferð fór fram 15. febrúar sl. og var málið dómtekið að henni lokinni. Aðilar kusu að gefa ekki skýrslu fyrir dóminum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins gáfu Bjarney Ólöf Gunnarsdóttir og Guðmundur Ingi Jónsson út veðskuldabréf þann 19. maí 2005 að fjárhæð 15.360.000 krónur til fjörtúu ára með veði á 5. veðrétti í Sóleyjarhlíð 3, Hafnarfirði, íbúð 01-0303, þriðju hæð til hægri. Átti að greiða skuldabréfið upp með 484 mánaðarlegum gjalddögum, í fyrsta sinn 15. júní 2005. Var skuldabréfið bundið vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 242 stig með föstum 5,05% vöxtum.

Var skuldabréfið fært inn til þinglýsingar 23. maí 2005. Þann 17. febrúar 2006 undirrituðu sömu aðilar skuldskeytingu við veðskuldabréfið þar sem nýr

skuldari varð Elísabet Anna Gryvik. Með skuldskeytingu þann 4. september 2006 samþykkti kröfuhafi veðskuldabréfsins nýja skuldara, Silju Úlfarsdóttur, kt. 000000-0000, og Vigni Grétar Stefánsson, kt. 000000-0000. Þann 16. desember 2006 lést Vignir og var bú hans tekið til opinberra skipta. Lýsti Landsbankinn kröfu í dánarbúið sem veðkröfu að fjárhæð 24.702.772 krónur með vöxtum og kostnaði.

Samkvæmt stefnanda fengu stefnda og eiginmaður hennar sértæka skuldaaðlögun hjá stefnanda og við það fékk veðskuldabréfið nýtt númer í tölvukerfi stefnanda, 15698. Skuldinni hafi verið skipt þannig upp að fyrst greiddu þau 976.130 krónur með jöfnum afborgunum frá 11. mars 2013 til 8. desember 2015 og í framhaldi 20.500.000 krónur sem átti að greiða með jöfnum afborgunum í framhaldi. Fór veðskuldabréfið í vanskil þann 15. febrúar 2016 og var gjaldfelldur höfuðstóll 21.434.382 krónur.

Samkvæmt upplýsingum stefnanda var ofangreint veðskuldabréf áritað fyrir mistök þann 4. júní 2015 um að það væri að fullu greitt og afhent til aflýsingar. Áritun þess efnis er á skuldabréfinu. Veðskuldabréfinu var aflýst og ekki sé vitað hvar frumrit bréfsins sé niðurkomið. Þrátt fyrir þetta hafi stefnda greitt áfram af láninu eða fram til 15. janúar 2016 en eftir það hafi fyrst orðið greiðslufall hjá greiðendum veðskuldarinnar.

Þegar mistökin hafi komið í ljós hafi verið haft samband við greiðendur og þau beðin um að aðstoða við að leiðrétta mistökin með því að undirrita nauðsynleg skjöl en fram til þess tíma hafði verið greitt af skuldabréfinu. Í framhaldi hafi lögmenn aðila verið ásáttir um að gefið yrði út nýtt skuldabréf sams konar hinu fyrra með sömu kjörum. Á skiptafundi í dánarbúi Vignis hafi lögmaður gerðarþola hins vegar mótmælt kröfulýsingunni og sagt stefnanda enga kröfu eiga á hendur búinu.

Í gögnum málsins liggur fyrir afrit kyrrsetningarbeiðni, dagsett 2. júní 2017, þar sem höfuðstóll skuldarinnar er 21.434.382 krónur, sammingsvextir 41.578 krónur, dráttarvextir til 2. júní 2017, 3.774. 511 krónur, innheimtukostnaður 467.950 krónur og kyrrsetningargjald 19.100 krónur. Samtals 25.737.521 króna.

Lánayfirlit viðskiptamanns með viðmiðunardag 30. október 2017 liggur fyrir í málinu þar sem lánsfjárhæð, áfallnir vextir, verðbætur og verðbætur vaxta eru samtals 23.958.145 krónur.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur að um augljós mistök sé að ræða og neiti stefnda nú að leiðrétta þau. Telur stefnandi að svo virðist sem ásetningur stefndu sé sá að auðgast á ólögmetan hátt á mistökunum um verulegar fjárhæðir þrátt fyrir vitund um að skuld sé með réttu til staðar. Stefnda geri sér fulla grein fyrir því, með hliðsjón af fyrri

samskiptum lögmanna aðila, að það sé með réttu skuld til staðar og að mistök hafi átt sér stað við aflýsingu skuldarinnar af fasteigninni, enda því ekki haldið fram að stefnda hafi þegar greitt skuldina né megi gera ráð fyrir að svo hafi verið gert. Því hafi stefnandi, miðað við viðbrögð stefndu, talið verulega hættu á að stefnda myndi reyna að koma verðmætum undan fullnustu stefnanda. Stefnanda hafi því verið nauðsynlegt að tryggja hagsmuni sína með því að kyrrsetja fyrir kröfu sinni þær eignir sem séu í eigu stefndu að því marki sem þær nægi til tryggingar kröfunni.

Stefnandi telur, þrátt fyrir að höfuðstóll skuldarinnar sé ekki sundurliðaður í stefnu, að stefnda hafi af gögnum málsins getað gert sér fyllilega grein fyrir stefnufjárhæðinni og hafi það ekki komið niður á vörnum hennar.

Stefnandi telur að skilyrði 5. gr. laga nr. 31/1990 séu fyrir hendi til að kyrrsetningargerðin nái fram að ganga og hafi það verið niðurstaða sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá byggir stefnandi kröfu sína um greiðsluskyldu einkum á meginreglum samninga- og kröfuréttar um greiðslu og uppgjör skulda auk 1. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986. Um vexti vísast til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og þá sérstaklega 5. gr. þeirra laga. Málskostnaðarkrafan er rökstudd með vísan til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafan um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Stefnda kveður að stefnandi freisti þess að fá greiddar annars vegar 21.475.960 krónur úr hendi stefndu auk þess að fá viðurkennda veðkröfu að fjárhæð 25.737.521 króna í fasteign í eigu dánarbús Vignis Grétars Stefánssonar og stefndu að Sóleyjarhlíð 3 í Hafnarfirði. Stefnandi kveðst ekki átta sig á því til hvaða meginreglna samninga og kröfuréttar stefnandi vísi í málalíbúnaði sínum auk þess að hún kveðst ekki átta sig á því hvernig 1. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 7/1936 eigi að styðja dómkröfur stefnanda. Þá kveður stefnda ekkert samhengi vera á milli málsástæðna stefnanda og tilvitnaðra lagagreina. Þá sé ekki rökstutt á nokkurn hátt í stefnu hvernig ógildingarreglur samningalaga og hvaða meginreglur fjármunaréttarins eigi að leiða til þess að kröfur stefnanda nái fram að ganga.

Stefnda byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að engin krafa sé til staðar eða hún sé ósönnuð. Í öðru lagi, að hafi stefnandi átt kröfu á stefndu sé hún eftir atvikum greidd. Í þriðja lagi að sé krafan enn til staðar hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi kröfuna. Í fjórða lagi að eigi stefnandi kröfu á stefndu þá sé fjárhæð kröfunnar með öllu ósönnuð.

Stefnda byggir á því að stefnandi eigi ekki kröfu á stefndu og ekkert réttarsamband sé á milli stefndu og stefnanda sem leiði til þess að stefnda teljist

skulda stefnanda stefnufjárhæðina eða einhverja aðra fjárhæð. Stefnda hafi ítrekað neitað að stofna til skuldar við stefnanda þrátt fyrir mikinn þrýsting stefnanda. Eðli málsins samkvæmt leiði það ekki til þess að fallast beri á dómkröfur stefnanda. Þær kröfur fái enga stoð í málatilbúnaði stefnanda eða gögnum málsins. Stefndi hafi áritað upprunalega veðskjalið eða eftir atvikum afrit þess um að skuldin samkvæmt skuldabréfinu sé að fullu greidd, afhent veðskjalið eða afrit þess til aflýsingar og sé bundinn af þeim gjörðum sínum. Þá segist stefndi hafa týnt skuldaviðurkenningunni sem stefndi byggir dómkröfur sínar að öllu leyti á. Dómkröfur stefnanda séu því ósannaðar enda sé krafa stefnanda á hendur upphaflegum skuldara ekki gjaldkræf og þar með fallin niður einnig gagnvart þeim sem síðar kunni að hafa tekið að sér greiðslu á fjárkröfu samkvæmt veðskuldabréfinu. Þá byggir stefnda á því að hugsanleg skýring á áritun veðskuldabréfsins sé sú að hinn látni hafi greitt skuldina fyrir andlát sitt en eðli málsins samkvæmt geti stefnda ekki fært sönnur á það. Því þurfi stefndi að færa sönnur á að svo hafi ekki verið gert. Stefnda byggir á því að skorað hafi verið á stefnanda að framvísa frumriti veðskuldabréfsins en stefndi ekki orðið við þeirri áskorun. Enginn annar en stefndi geti borið ábyrgð á því ef frumrit skjalsins hafi glatast. Engin leið sé fyrir stefndu að sannreyna að stefndi hafi ekki framselt veðskuldabréfið. Samkvæmt réttarreglum sem gildi um viðskiptabréf sé því stefnda varnarlaus komi til þess að þriðji maður krefji stefndu um greiðslu á veðskuldabréfinu. Stefndi verði því að bera hallann af þessu gáleysi á meðferð skuldabréfsins og því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Í stefnu sé ekki að finna útreikninga sem styðji stefnufjárhæðina í málinu. Engir útreikningar liggi fyrir um hvers vegna stefnufjárhæðin sé ríflega tuttugu og fimm milljónir en ekki fimmtán milljónir eða jafnvel fimmtíu milljónir. Stefnufjárhæðin sé því ósönnuð með öllu enda verði ekki ráðið af stefnu hvernig krafan sé reiknuð út. Þá sé ekki að finna sundurliðun á höfuðstól, vöxtum, dráttarvöxtum o.fl. Fjárhæð dómkröfu stefnanda sé þannig ósönnuð og einnig af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Þá leiði það af sýknukröfu stefndu að hún krefst þess að kröfu stefnanda um staðfestingu kyrrsetningabeidni í eignarhlut stefndu í fasteigninni Sóleyjarhlíð 3 í Hafnarfirði verði hafnað og byggist krafan á sömu rökum og sýknukrafa stefndu.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki liggja fyrir aðila- né vitnaskýrslur í máli þessu og veltur úrlausn málsins því á fyrirbyggjandi gögnum og munnlegum málflutningi.

Ágreiningslaust er í máli þessu að stefnda, ásamt þáverandi eiginmanni sínum, undirrituðu skuldskeytingu vegna veðskuldabréfs nr. 0111-74-110326 þann 4. september 2007 þar sem þau tóku að sér réttindi og skyldur samkvæmt

veðskuldabréfinu. Þá er ágreiningslaust að veðskuldabréfið er ekki lengur áhvílandi á eignarhluta stefndu í Sóleyjarhlíð 3 í Hafnarfirði. Meðskuldari stefndu, Vignir Grétar Stefánsson, lést þann 16. desember 2006 og falla 50% íbúðarinnar undir opinber skipti dánarbúsins og 50% eru í eigu stefndu. Lýsti stefnandi kröfu í dánarbúið við innköllun kröfulýsinga. Eru bókuð mótmæli við þeirri kröfulýsingu á skiptafundi þann 20. maí 2017 af hálfu stefndu. Ekkert annað er fram komið í málinu en að veðskuldabréfið hafi verið áhvílandi á allri íbúðinni en ekki eingöngu á eignarhluta stefndu.

Í gögnum málsins liggja fyrir nokkur tölvupóstsamskipti stefnanda og þáverandi lögmanns stefndu. Þann 7. júní 2016 skrifaði lögmaður stefndu til stefnanda að hann vísi í samtals þeirra fyrir stundu. Hann hafi heyrt í stefndu og rætt við hana þá lausn á málinu að hún komi og skrifi undir nýtt lán, sams konar og hið fyrra, þ.e. sömu kjör. Lánsupphæðin lækki um 300.000 krónur frá núverandi stöðu en samkvæmt munnlegum upplýsingum frá stefndu sé lánið í dag u.þ.b. 21.500.000 krónur en fari í 21.200.000 krónur. Þessu til viðbótar bæti bankinn henni allan kostnað vegna lögmannsaðstoðar í málinu sem nemi um 240.000 krónum og geti sú fjárhæð komið fram í frekari lækkun höfuðstóls eða með beinni fjárgreiðslu til stefndu. Nýja bréfið verði gefið út á stefndu eina í samræmi við skilnaðarsamkomulag hennar og Vignis heitins, þannig að dánarbúið komi ekki við sögu á hinu nýja bréfi. Þá segir að stefnda sé tilbúin að koma þann dag og klára þetta svona og sjálfur sé lögmaðurinn við þann dag. Það væri því best að klára þetta og koma þessu frá, enda hafi stefnda beðið sig um að lesa yfir skjölin og halda í höndina á henni með að klára þetta. Daginn eftir eða þann 8. júní 2016 svaraði stefnandi lögmanni stefndu og kvaðst fallast á þessa úrlausn. Segir að bankinn greiði 240.000 krónur í lögfræðikostnað og mæti stefndu með lækkun lánsins sem nemi tveimur gjalddögum, eins og henni hafi verið lofað áður, um 228.000 krónur ef þau skoða gjalddaga í febrúar og mars. Útgefið verði nýtt lán, sams konar og hið fyrra, þ.e. sömu kjör eins og lögmaðurinn hafi nefnt áður. Með tölvupósti þann 13. júní 2016 leitaði stefnandi eftir því hjá lögmanni stefndu hverjir væru erfingjar Vignis en til þess gæti komið að það þyrfti að vera ábyrgðarmannasamningur vegna útgáfu veðskuldabréfsins. Í svarpósti frá lögmanni stefndu sama dag segir að stefnda og fyrirverandi eiginmaður hennar hafi gengið frá skilnaðarsamningi örfáum dögum áður en hann lést. Þar hafi verið tilteknar ákveðnar greiðslur hennar til hans vegna yfirtöku hennar á íbúðinni og hún myndi síðan fá afsal fyrir hans eignarhluta. Þá segir að Vignir hafi sett það skilyrði að hann myndi losna undan láninu og að hann myndi afsala stefndu sínum hluta eignarinnar þegar það lægi fyrir og greiðsla í samræmi við samkomulagið hefði borist honum. Í sama skeyti segir að þar sem ekki sé um nýja skuld að ræða heldur endurnýjun veðtryggingar á skuld sem til

staðar sé, þá séu áhöld um þörf á þessum svokallaða ábyrgðarmannasamningi. Þá eru hugleiðingar um að líklega væri best að fá skiptastjóra til að skrifa á bréfið og gefa síðan út afsalið þegar greiðslur hafi að fullu borist. Þann 16. júní 2016 sendi lögmaður stefndu stefnanda tölvupóst og reifaði þann möguleika að láta þinglýsa veðskuldabréfinu um leið og afsalinu á íbúðinni í kjölfar uppgjörs stefndu við dánarbúið. Bað lögmaðurinn stefnanda að senda sér skjölin til yfirlestrar til að fara yfir þau með stefndu.

Eins og að ofan er rakið er ekki annað að skilja á samskiptum þáverandi lögmanns stefndu og stefnanda en að verið var að ræða um veðskuldabréf það sem deilt er um í máli þessu og öðru hefur ekki verið borið við í málinu. Stefnda kveður þessi samskipti hins vegar ekki skuldbinda hana að neinu leyti og að niðurstaða málsins verði ekki byggð á þessum samskiptum. Stefnda kom ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins. Þá verður til þess að líta að stefnda hélt áfram að greiða af veðskuldinni eftir að henni var aflýst af fasteigninni þann 4. júní 2015 fram til 5. febrúar 2016 eða í sjö mánuði. Af því verða ekki dregnar aðrar ályktanir en að hún hafi talið sig skuldbundna til að greiða af láninu enda hefur hún ekki krafist stefnda um endurgreiðslu á ofgreiddu fé.

Telur dómurinn því sannað að stefnda hafi staðið í þeirri trú að skuldin væri enn til staðar þrátt fyrir að skuldabréfinu hafi verið aflýst af fasteigninni.

Þá telur dómurinn þá málsástæðu stefndu að hugsanlega hafi Vignir Grétar heitinn greitt skuldabréfið upp og látið aflýsa því fyrir andlát sitt ekki eiga við rök að styðjast enda rætt um það í tölvupóstsamskiptum aðila að hann hafi viljað losna við skuldina í skilnaðaruppgjöri aðila.

Stefnda byggir á því að ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og stefndu í máli þessu. Samkvæmt veðskuldabréfi því sem deilt er um í máli þessu og stefnda undirritaði skuldskeytingu við, var stefnandi lánveitandinn og kröfueigandinn. Þá á sú hugleiðing stefndu um að hugsanlega hafi skuldabréfið, sem sé viðskiptabréf, verið framselt þriðja aðila sem geti síðar framvísað því, hafnað. Frumrit skuldabréfsins er áritað um fullnaðargreiðslu og því ekki nein kröfuréttindi sem fylgja skjalinu eftir það. Gegn mótmælum stefnanda er því þessari málsástæðu stefndu hafnað.

Stefnda heldur því fram að hún hafi ítrekað neitað að ganga til samninga við stefnanda vegna útgáfu nýs veðskuldabréfs. Eins og fram kemur í tölvupósti á milli þáverandi lögmanns stefndu og stefnanda í júní 2016, og rakinn er hér að framan, er ekki annað að sjá en að stefnda hafi haft fullan vilja til að ganga til samninga við stefnanda og gefa út nýtt veðskuldabréf sem ætlunin var að koma í þinglýsingu um leið og afsali fyrir íbúðina yrði þinglýst frá dánarbúinu til stefndu. Þær sammingsumleitanir sem þar fóru fram skuldbinda stefndu ekki einar og sér en

staðfesta að stefnda var grandsöm á því tímabili um þau mistök sem áttu sér stað hjá stefnanda. Er þessi málsástæða stefndu því haldlaus. Þá er ekki tekið undir þá málsástæðu stefndu að þar sem krafan á hendur upphaflegum skuldara sé ekki gjaldkræf sé hún fallin niður gagnvart þeim sem síðar kunna að hafa tekið að sér greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu. Er slík málsástæða einnig haldlaus og engin lagarök fyrir henni.

Taka má undir þá málsástæðu stefndu að málatilbúnaður stefnanda sé óljós varðandi útreikninga á kröfunni í stefnu. Er sá ágalli í stefnu ekki svo mikill að vísa beri máli þessu frá dómi ex officio né sýkna af þeim sökum. Virðist sá ágalli á stefnu ekki hafa komið niður á vörnum stefndu.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á 1. mgr. 32. og 33. gr. laga nr. 7/1936. Stefnda hafnar því að tilgreind lagaákvæði eigi við í máli þessu. Tekur dómurinn undir með stefnanda að stefnda hafi verið í vondri trú er hún mótmælti kröfulýsingu stefnanda í dánarbú Vignis Grétars og hafi frá upphafi vitað að veðskuldabréfinu var aflýst fyrir mistök. Er því stefnda skuldbundin af þeim löggerningi sem hún undirritaði með skuldskeytingu þann 4. september 2007, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Þá tekur dómurinn undir með stefnanda að óheiðarlegt sé af stefndu að bera fyrir sig nú að engin skuld sé til staðar eða að hún sé ósönnuð, sbr. 33. gr. laganna. Ef tekið væri undir sjónarmið stefndu myndi hún hagnast á mistökum stefnanda sem nemur stefnufjárhæð á kostnað stefnanda.

Að öllu ofangreindu virtu verður staðfest sú krafa stefnanda um að stefnda greiði stefnanda höfuðstól skuldarinnar, 21.434.382 krónur, auk áfallinna samningsvaxta til 6. febrúar 2016 að fjárhæð 41.578 krónur, eða samtals 21.475.960 krónur.

Stefnandi gerði í stefnu kröfu um dráttarvexti af stefnufjárhæðinni frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Við upphaf aðalmeðferðar lækkaði stefnandi höfuðstól skuldarinnar en krafðist hins vegar dráttarvaxta frá upphafsdegi vanskila þann 6. febrúar 2016. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 getur stefnandi ekki hækkað kröfur sínar eða gert aðrar breytingar stefnda í óhag án hans samþykkis. Stefnda mótmælti breyttri vaxtakröfu stefnanda. Verður því að hafna breyttri kröfugerð stefnanda um að fá greidda dráttarvexti af stefnufjárhæðinni frá 6. febrúar 2016. Verður stefnda dæmd til að greiða dráttarvexti af stefnufjárhæðinni frá stefnubirtingardegi, sem var 21. júní 2017, til greiðsludags eins og krafist er í stefnu.

Stefnandi krefst staðfestingar á kyrrsetningu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, í máli nr. 84/2017, á 50% eignarhluta stefndu í Sóleyjarhlíð 3 í Hafnarfirði, sem fram fór þann 8. júní 2017, og byggir þá kröfu á 5. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Telur dómurinn skilyrði 5. gr. laganna vera uppfyllt og með vísan til málsins í heild og niðurstöðu í aðalkröfu stefnanda er kyrrsetning sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í máli nr. 84/2017 frá 8. júní 2017 í eignarhluta stefndu í Sóleyjarhlíð 3, fnr. 221-8653 í Hafnarfirði, staðfest.

Að þessum málalokum virtum og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Dóm þennan kveður upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefnda, Silja Úlfarsdóttir, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 21.475.960 krónur auk dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 21. júní 2017 til greiðsludags.

Staðfest er kyrrsetning sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í máli nr. 84/2017 frá 8. júní 2017 í eignarhluta stefndu í Sóleyjarhlíð 3, fnr. 221-8653 í Hafnarfirði.

Stefnda greiði stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir